

# ***Kynferðisofbeldi; viðbrögð og varnir***

---

## ***Skilgreining og lög***

Skv. 2. gr. laga (2008 nr. 10 6. mars) er kynferðisleg áreitni hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi kynferðisleg hegðun sem er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknað. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt. Kynbundið ofbeldi er í lögnum skilgreint sem ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjánainga þolanda, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Kynferðisleg misnotkun gagnvart börnum er hvers kyns kynsferðisathöfn milli fullorðins einstaklings og ólögráða einstaklings eða milli tveggja ólögráða einstaklinga þar sem annar aðilinn hefur vald yfir hinum. Það telst einnig kynferðisleg misnotkun að neyða, þvinga, hvetja eða sannfæra barn um að taka þátt í hvers kyns kynsferðislegri athöfn svo sem snertingu, sýniþörf, klámi í hvaða mynd sem það birtist og gægjum, hvort sem það á sér stað á ákveðnum stað, interneti eða í síma (blattafram.is).

Í IV. kafla barnaverndarlaga er kveðið skýrt á um tilkynningaskyldu almennings og þeirra sem vinna með börnum. Skv. 16. grein laganna ber hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu að tilkynna það barnaverndarnefnd. Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik sem telja má að hún eigi að láta sig varða. Skv. 17. grein sömu laga er hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Ljóst má telja að þetta á við um allt starfsfólk grunnskóla. Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

## ***Stefna varðandi tilkynningar***

Starfsfólk á ekki sjálft að leggjast í rannsóknarvinnu varðandi tilkynningar heldur skal rannsókn mála vera í höndum viðeigandi yfirvalda.

Ef grunur vaknar um kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gagnvart nemenda skal brugðist við eins fljótt og hægt er. Starfsmaður tilkynnir málið til skólastjórnenda sem koma máli í farveg. Oftast er mál fyrst tekið fyrir í nemendaverndarráði sem ákveður næsta skref. Í nemendaverndarráði sitja skólastjórnendur, skólasálfræðingur, skólahjúkrunarfræðingur og námsráðgjafi ásamt umsjónarkennara viðkomandi nemanda.

Mikilvægt er að skólastjórnendur kalli til fagaðila ef grunur leikur á að nemandi sé beittur kynferðislegu ofbeldi og farið sé eftir lögum og reglum varðandi tilkynningar. Ávallt skal skrá niður málsatvik. Í tilkynningu til Barnaverndarnefndar þurfa að koma fram eftirfarandi atriði: nafn og heimilisfang barns og foreldra eða forráðamanna, aldur barns, ástæður grunsemda, nafn hins meinta geranda ef það liggur fyrir og aðrar mikilvægar upplýsingar. Eins og með önnur atriði sem lúta að barnaverndarmálum ber að fara með tilkynningar sem fyllsta trúnaðarmál.

Aðilar sem hægt er að leita til:

- Nemendaverndarráð
- Miðgarður, félagsþjónusta
- Skólasálfræðingur/skólahjúkrunarfræðingur/námsráðgjafi
- Barnavernd Reykjavíkur
- Neyðarlínan 112
- Barnahús
- Blátt áfram

## ***Forvarnir og fræðsla***

Nauðsynlegt er að gera öllu starfsfólki og nemendum ljóst að ofbeldi er ekki liðið í skólanum. Markviss fræðsla þarf að vera fyrir alla aðila skólasamfélagsins um hvað felst í kynferðislegri áreitni og hvaða afleiðingar hún getur haft. Stuðla þarf að opinni umræðu um ofbeldi gegn börnum og kynbundnu ofbeldi og styrkja starfsfólk í því að þekkja einkenni ofbeldis og koma þolendum til aðstoðar.

## **Markmiðið með fræðslu barna er að**

- efla sjálfsmynd þeirra

- ræða eigin mörk og hvernig þau eru sett
- ræða um tilfinningar og skoðanir og hvernig þeim er komið á framfæri

Fræðsla nemenda getur falist í því sem verið er að gera í skólanum; í gegnum námsefnið, bekkjarfundi og lífsleiknitíma eða verið fengin utan frá.

Helstu verkefni árganga eru tilgreind hér á eftir.

1. bekkur – Líkaminn minn - skólahjúkrunarfræðingur
2. bekkur – brúðuleikhús, Blátt áfram
3. bekkur – Leyndarmálið/myndband og fræðsla um hvað má/hvað má ekki? – umsjónarkennari Slóð: <http://www.reykjavik.is/DesktopDefault.aspx/tabid-4355>  
<http://vimeo.com/19041047>
4. bekkur – (sjálfstyrking/hættur netsins, klípusögur/saft.is)
5. bekkur – Maritafræðslan
6. bekkur – kynþroskafræðsla – skólahjúkrunarfræðingur
7. bekkur – fræðsla, Blátt áfram
8. bekkur – Rauði krossinn: „Ef ég bara hefði vitað“, vefsíða:  
<http://raudikrossinn.is/id/1000391>
9. bekkur – fræðsla, Blátt áfram
9. bekkur – kynþroskafræðsla – skólahjúkrunarfræðingur
10. bekkur – Lýðheilsustöð/ungt fólk til ábyrgðar, umræðupunktur á  
<http://www.lydheilsustod.is/ungt-folk/heilsa-og-lifsstill/ungt-folk-til-abyrgdar/kynferdisofbeldi/>

## Fræðsla til starfsmanna

Starfsfólk skólans þarf að vera fært um að bregðast við grun um kynferðislega áreitni og þekkja hugsanleg einkenni. Því þarf einnig að skipuleggja hvernig best er að koma upplýsingum til þess.

Hugmyndir að fræðslu:

- Barnavernd
- Blátt áfram
- Rauði krossinn - Sálrænn stuðningur

## Fræðsla til foreldra

Markmið fræðslunnar er að styrkja foreldra í að ræða forvarnir við börnin sín.

Æskilegt er að foreldrafélag skólans standi fyrir fræðslu fyrir foreldra um þessi mál.

- Aðilar frá Barnavernd
- Blátt áfram
- Saman hópurinn

<http://www.samanhopurinn.is/index.php?option=content&task=view&id=96&Itemid=77>

## ***Reglur um samverustundir fullorðins einstaklings og barns***

Þegar starfi háttar þannig til að starfsmaður er einn með nemanda skulu aðrir fullorðnir vita af því. Dyr skulu hafðar opnar eða ólæstar. Varast skal óþarfa snertingar og orð og athafnir sem gætu orkað tvímælis.

### ***Starfsmenn***

Skv. starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar telst starfsmaður sem sýnir öðrum kynferðislega áreitni brjóta grundvallarreglur samskipta á vinnustað og getur slík hegðun leitt til áminningar eða starfsmissis.

Hafa þarf í huga við ráðningar að velja hæfasta starfsfólkið til að vinna með börnum og unglingum og gæta þess að kröfur til þeirra séu í samræmi við markmið og leiðir stofnunarinnar. Kanna þarf feril starfsmanna og leita upplýsinga hjá fyrrverandi atvinnurekendum. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólustjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá sbr. lögum um grunnskóla nr.9/2003 3. mgr. 11. grein.

Kynferðisleg áreitni gagnvart starfsfólki eða nemendum Foldaskóla skal í engum tilvikum liðin og ber að bregðast tafarlaust við slíkum málum ef upp koma.